



Jafnréttisáætlun

Skýrsla v. 2021

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk.....	3
1. Launajafnrétti (19. gr. laganna).....	3
2. a) Laus störf (20. gr. laganna).....	3
2. b) Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)	5
3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)	5
4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna).....	6
B) Markmið og aðgerðir – Nemendur.....	7
1. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni (22. gr. laganna).....	7
2. Menntun og skólastarf (23. gr. laganna)	7
C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísar	9
1. Ýmis viðbótarmarkmið og aðgerðir – staða í árslok 2021	9
2. Jafnréttisvísar – staða í árslok 2021	9



Inngangur

Jafnréttisáætlun FVA byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (jafnréttislögum), með síðari breytingum (jafnlaunavottun) (lög nr. 56/2017). Áætlunin kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja bæði starfsfólki skólans og nemendum þau réttindi sem kveðið er á um í lögnum: Réttindi tilgreind í 19. – 22. grein laganna varða starfsfólk og tilgreind réttindi í 22. og 23. grein varða nemendur. Áætlunin horfir jafnframt til laga nr. 86/2018 um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Einnig er horft til laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar. Þá er jafnrétti eitt af einkunnarorðum FVA (jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki) og þannig samofið öllum grunnþáttum í skólastarfi og jafnréttisáætlun.

Ásamt skólameistara skipa þessir starfsmenn jafnréttisráð: Björg Bjarnadóttir, Ólöf H. Samúelsdóttir og Finnbogi Rögnvaldsson. Jafnréttisfulltrúi FVA, Arnar Sigurgeirsson, starfar með jafnréttisráði.

Grunnupplýsingar um starfsfólk (s.s. nafn, kyn, kennitölu o.fl.) eru sóttar í launa- og mannauðskerfi ríkisins (Orra) sem sækir þær í þjóðskrá. Grunnupplýsingar um nemendur eru einnig sóttar úr þjóðskrá í gegnum kennslu- og upplýsingakerfið Innu og Menntagátt.

Frá 6. janúar 2021 var hægt að óska eftir [hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá](#). Þeir sem óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá eru skráðir „Kynsegin/annað“. Kynhlutlaus skráning er val einstaklings og forsjáradila barna yngri en 15 ára. Á árinu 2021 voru engar kynhlutlausar skráningar hjá FVA. Í töflum í köflum A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk og B) Markmið og aðgerðir – Nemendur, eru því aðeins tilgreind kynin kk (karl) og kvk (kona). Í jafnréttisvísi í kafla C) eru tölfræðiupplýsingar, samandregnar upplýsingar um það sem fram kemur í köflunum á undan. Þar hefur verið bætt skammstöfuninni ke/a vegna mögulegrar skráningar sem „Kynsegin/annað“ frá og með árinu 2021.

Skýrsla jafnréttisáætlunar er unnin af gæðastjóra. Samantekt á niðurstöðum, þ.e. skýrsla vegna ársins 2021 er varðar A) Markmið og aðgerðir vegna starfsfólks, B) Markmið og aðgerðir vegna nemenda og C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísa hefur verið borin undir jafnréttisfulltrúa og jafnréttisráð. Þau gera ekki athugasemdir við samantektina en benda á mikilvægi þess að við endurskoðun á jafnréttisáætlun nk. haust verði hugað að því að valdar aðgerðir og mælikvarðar á árangur þeirra nái utan um raunverulegar hindranir á jafnrétti í FVA sem geta verið mismunandi eftir aðstæðum. Skýrslan er staðfest af skólameistara en jafnréttisfulltrúi eða fulltrúi í jafnréttisráði kynnir hana fyrir starfsfólki.

Akranesi, 5. apríl, 2022

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari

A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk

Markmið og aðgerðir jafnréttisáætlunar varða:

1. Launajafnrétti (19. gr. laganna)
2. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)
3. Samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)
4. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)

Hér er gerð grein fyrir árangri af aðgerðum en nánari lýsingu á þeim, ábyrgðaraðila og markmiðunum sjálfum er að finna í [Jafnréttisáætlun FVA](#). Stöðu gagnvart aðgerðum og markmiðum er lýst með „umferðarljósunum“ þar sem grænn litur táknar að markmiði hafi verið náð, gulur litur að þokast hafi í rétta átt eða að verið sé að vinna í málum en rauður litur táknar að enginn árangur hafi náðst.

1. Launajafnrétti (19. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða lok 2020	Staða lok 2021
Jafnlaunavottun	Lokið vorið 2020		
Árleg launagreining til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða	Lokið í des árlega		
Leiðréttu laun ef óútskýrður munur kemur fram á launum kynjanna	Lokið í des árlega		

FVA hlaut jafnlaunavottun í mars 2020. Frá þeim tíma hafa verið framkvæmdar tvær viðhaldsvottanir. Síðari viðhaldsvottun á jafnlaunakerfi FVA var framkvæmd í desember 2021 en vottunarstofan iCert framkvæmir úttektir samkvæmt samningi við FVA þar um. Í skýrslu úttektarstjóra dags. 30.12.2021 segir: Niðurstaða úttektarstjóra er að jafnlaunakerfi FVA uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Úttektarstjóri mælir með óbreyttri stöðu vottunar á jafnlaunakerfi FVA, innan hins tilgreinda gildissviðs, „allir starfsmenn FVA“. Í úttektinni var m.a. farið yfir niðurstöður launagreiningar sem var gerð í byrjun desember 2021: Launamunur kynjanna (óleiðréttur launamunur uppreiknaður), dagvinnulaun: Konur 2,41% hærrí. Launamunur kynjanna (óleiðréttur launamunur uppreiknaður), heildarlaun: Karlar 8,81% hærrí. Allur launamunur er útskýrður. Næsta formlega úttekt verður í desember 2022.

2. a) Laus störf (20. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða lok 2020	Staða lok 2021
Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfsmannahópum (birt í ársskýrslu)	Lokið í sept árlega		
Samantekt yfir auglýst störf, kynjahlutf. umsækjenda og þeirra sem eru ráðnir* ¹	Lokið í jan árlega		
Samantekt yfir stöðu kynja í ráðum og nefndum í eða á vegum skólans* ²	Lokið í jan árlega		
Tryggja faglegt og gegnsætt ráðningarferli fyrir auglýstar stöður* ³	Lokið 2020		
Allir hvattir til að sækja um laus störf, óháð kyni	Alltaf þegar auglýst er		



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

*¹ – Samantekt yfir auglýst störf, kynjahlutf. umsækjenda og þeirra sem eru ráðnir

Auglýst störf 2021	Fjöldi augl. starfa	Fjöldi umsókna		Fjöldi ráðinna		Aths.
		kk	kvk	kk	kvk	
Heimavistarstjóri (augl. þrisvar) (1)	1	3	4		1	100% staða
Kennarar í rafiðngreinum (augl. þrisvar) (5)	5	8		5		50-100% stöður
Kennari í stærðfræði (1)	1	5	2		1	100% staða
Kennari í trúnaðgreinum (augl. tvisvar) (1)	1	2	1		1	100% staða
Samtals fjöldi	8	18	7	5	3	

*² – Samantekt yfir stöðu kynja í ráðum og nefndum í eða á vegum skólans

Á árinu 2021 voru talin 20 nefndir/ráð og skilgreind verkefnisumsjón í skólanum; samtals var um að ræða 20 nefndir/ráð/verkefni sem 32 konur og 14 karlar tóku þátt í. Fjórir karlar tóku þátt í tveimur nefndum/ráðum/verkefnum hver og fimm konur í tveimur eða fleiri nefndum/ráðum/verkefnum hver:

Nefnd, ráð, verkefni	kvk	kk	Aths.
Heilsuefling	5	1	+ 1 stjórnandi
Umhverfismál	1		+ 1 stjórnandi
Félagslífsfulltrúi		1	
Umsj. dreifnáms	1	2	
Afreksíþr.	1		
Áfallateymi	4		+ 1 stjórnandi
Forvarnafltr.	1		
Grænu skrefin	3	1	+ 1 stjórnandi
Öryggisnefnd	1	3	+ 1 stjórnandi
Umsjón nýrra starfsm.	1		
Vefteymi	1		+ 1 stjórn. og 1 verktaki
Foreldrafélag	0	0	
Jafnréttisráð	2	1	+ jafnr.fulltr. og 1 stjórnandi
KOSS-starfsm.fél.	3	1	+ 1 stjórnandi
Skólaráð	1	1	
Skólanefnd	1		Áheyrnarfulltrúi
Opnir dagar	2		
Spannarnefnd		2	+ 1 stjórnandi
Skólanámskrárnefnd	3	1	+ 1 stjórnandi
Heimavistarráð	1		
Samtals	32	14	

Nefndir og ráð utan skólans sem stjórnendur tóku þátt í:

Nefndir og ráð sem stjórnendur tóku þátt í utan skólans – ytri hagsmunaaðilar	kvk	kk	Aths.
Í stjórn Breið, Þróunarfélags	1	0	Skólameistari
Í stýrihópi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands	1	0	Skólameistari
Í þróunarteymi hjá Advania um Innu	1	0	Aðstoðarskólameistari
Í stýrihópi Innu	1	0	Aðstoðarskólameistari
Samtals	4	0	

*³ - Tryggja faglegt og gegnsætt ráðningarferli fyrir auglýstar stöður

Ráðningarferli hjá FVA á sér stoð í eftirfarandi:



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Ráðningar hjá ríkinu, handbók (2007)

Dreifibréf fjármálaráðuneytisins 8/2002

Starfsmannalög nr. 70/1996

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar á lausum störfum

Lög nr. 56/2017 um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum

Persónuverndarlög nr. 90/2018

Kjarasamningar stéttarféлага og ríkisins: KÍ, KVH, SBU, Sameykj, VLFA

Stofnanasamningar stéttarféлага og ríkisins: KÍ (2021), Sameykj (2017), VLFA (2021), SBU (2021), KVH (2021)

Jafnlaunakerfi FVA

Við ákvörðun um ráðningu í starf hjá FVA er byggt á lögum og reglum. Kappkostað er að skipulag ráðningarferlis sé faglegt og gefi ekki tilefni til athugasemda umboðsmanns Alþingis komi til þess að umsækjandi kæri niðurstöðu ráðningarferlis. Engar kærur voru lagðar fram vegna ársins 2021.

2. b) Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2020	Staða í árslok 2021
Taka saman kyngreint yfirlit yfir nám/námskeið sem starfsfólk hefur sótt *1	Fyrir lok feb. árlega		
Hvetja til endurmenntunar og starfsþjálfunar (skólameistari framkvæmir) *2	Árlega fyrir lok maí		

*1 – *2 Árið 2021 var eins og skólaárið á undan litað áhrifum Covid 19. Fræðsluerindi voru öll rafræn og er helst að nefna fyrirlestrana/námskeiðin Hugarfar grósku, Karlmenntan, Sjálfstraust og samanburður og Að auka vellíðan. Sem fyrr hvetur skólameistari starfsfólk til að sinna starfsþróun, á fundum, í Skruddu (fréttabréf FVA á vefnum) og í starfsmannasamtölum. Nær allt starfsfólk eða 61 starfsmaður fékk starfsmannasamtal hjá skólameistara þar sem m.a. er farið yfir starfsþróun sem starfsfólk hefur sinnt á árinu. Fimm kennarar (4 karlar og 1 kona) eru langt komin með nám til kennsluréttinda en þess má geta að starfsfólk hefur svigrúm til að hliðra til vinnutíma vegna náms. Fjórir kennarar eru í framhaldsnámi á fagsviði (1 karl og 3 konur) og um þriðjungur starfsfólks, bæði karlar og konur, sótti eitt eða fleiri námskeið/netnámskeið/netráðstefnur og/eða -málstofur á sínu starfssviði. Unnið er að því að bæta formlegt utanumhald skráninga vegna starfsþróunar.

3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða í lok 2020	Staða í lok 2021
Kynna leiðir um möguleika á breyttu vinnu- eða vinnutímafyrirkomulagi *1	Árlega		
Kennara geta lagt fram óskir um kennslumagn og skipulag stundatöflu *2	Fyrir upphaf annar		
Aðrir starfsmenn geta óskað tilhliðrana á vinnutíma *3	Þegar þörf krefur		
Kynna fyrir starfsfólki réttindi sín og skyldur við vinnustaðinn v. fæðingar- og foreldraorlofs og leyfi vegna veikindi barna *4	Þegar þörf krefur		
Taka saman kyngreind gögn um sókn í og nýtingu úrræða sem styðja FVA sem fjölskylduvænan vinnustað *5	Árlega í maí		

*1 – Á árinu var lokið við útfærslu á „Betri vinnutíma“ við starfsfólk Sameykis og með því náðist að ganga frá samkomulagi við starfsfólk allra stéttarféлага hjá FVA utan KÍ en kennarar eru ekki með hefðbundna útfærslu á 40 stunda vinnuviku og ekki hefur verið tekið á málinu í kjarasamningi.

*2 – Í tengslum við gerð stundaskrár fyrir hverja önn er kallað eftir óskum kennara um kennslumagn og skipulag í stundatöflu og reynt að fara eftir óskum þeirra eftir því sem aðstæður og stundatöflur nemenda leyfa. Sjá töflu í lið *5 hér neðar.

*3 – Allir starfsmenn geta óskað tilhliðrana á vinnutíma þegar þeir þurfa á að halda og eiga samráð um slíkt við skólastjórnendur. Þess má geta að með „Betri vinnutíma“ og reynslu af fjarvinnu í Covid eru óskir um tilhliðranir á vinnutíma auðsöttari en áður.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

*4 – Hjá FVA starfa samtals hátt í 70 manns og er meðalaldur starfsmanna um 50 ár bæði hjá konum og körlum. Starfsmenn leita til stjórnenda þegar kemur til fæðingar- og foreldraorlofs sem upplýsa þá um réttindi og skyldur vegna þessa sem og vegna veikinda barna og foreldra eða maka/sambúðarfólks. Trúnaðarmenn eru einnig til taks fyrir starfsfólk vegna upplýsinga um þessi mál.

*5 – Bæði karlar og konur í störfum hjá FVA í öllum stéttarfélögum, þ.e. Sameyki, VLFA, KVH og SBU, nýta sér samkomulag um betri vinnutíma; um að ræða 18 starfsmann, 3 karla og 15 konur (haustönn 2021). Þess utan getur komið til annarra tilhliðrana á vinnutíma þegar fólk þarf á að halda, þ.m.t. um tímabundna fjarvinnu (einkum skrifstofufólk), í samráði við stjórnendur. Það sama gildir um kennara (minnt er á að í kjarasamningi KÍ er ekki tekið á betri vinnutíma enn sem komið er) en á haustönn 2021 var um að ræða 50 kennara, 24 karla í um það bil 21 stöðugildum og 26 konur í um það bil 20 stöðugildum; hlutfallslega eru því fleiri konur í hlutstarfi. Sjá í töflu hér fyrir neðan upplýsingar um fjölda beiðna á haustönn 2021 um tilhliðrun í stundatöflu kennara sem ýmist varðar samþjöppun á kennslu, kennslan sé á ákveðnum tímum eða jafnvel í ákveðnum kennslustofum eða fjarvinna að hluta (samtals 9 beiðnir (frá tæplega 20% kennara). Meirihluti beiðna er frá körlum en færri frá konum sem eru ívið fleiri en karlar í hlutstarfi. Þá er um 30% kennara kominn á kennsluafslátt (við 60 ára aldur) og meiri hluti þeirra er karlar.

Beiðnir um tilhliðrun í stundatöflu H2021		Beiðnir samtals H2021	Beiðnir um tilhliðrun í stundatöflu sem hægt var að verða við H2021		Samþykktar beiðnir samtals H2021
kk	kvk	kk og kvk	kk	kvk	kk og kvk
6	3	9	6	3	9

Beiðnir á árinu 2020 voru frá 5 kk og 9 kvk. Samkvæmt ofangreindu fjölgar um 1 í hópi kk en fækkar umtalsvert í hópi kvk þar sem aðeins 3 beiðnir bárust. Þegar á heildina er litið má leiða líkur að því að aukið fjarvinnufyrirkomulag (fjarkennsla) á árinu vegna Covid eigi þátt í breytingunni.

Engar formlegar beiðnir bárust á árinu frá öðru starfsfólki (samtals 19 (3 kk og 16 kvk) á vorönn 2021 og 18 (3 kk og 15 kvk) á haustönn 2021 en samkomulag var um tímabundna fjarvinnu þegar það hentaði starfsfólki eða sóttvarnaraðgerðir kröfðust þess. Einnig lá fyrir samkomulag um „Betri vinnutíma“.

4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða í lok 2020	Staða í lok 2021
Starfsfólk fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti á vinnustað (skólameistari og jafnréttisráð). *1	Eftirfylgni allt árið		
Stefna FVA og forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi til staðar og kynnt fyrir öllu starfsfólki (skólameistari með aðkomu jafnréttisfulltrúa). *2	Árlega		
Í forvarnar- og viðbragðsáætlun kemur skýrt fram hvert skal leita ef slík mál koma upp. Kynnt í upphafi skólaárs. Áætlun skal vera aðgengileg á heimasíðu (skólameistari). *3	Árlega		
Tryggja eftirfylgni við áætlunina með áhættumati og forvarnaráætlun í félagslega starfsumhverfinu í samræmi við vinnuverndarlög. *4	Árlega		

*1 - *3 – Um þessa liði gildir það sama: Stefna og áætlunir í þessum málaflokki liggja fyrir og eru aðgengilegar á vef skólans ásamt verkferlum. Framangreint var uppfært á árinu 2021. Ábendingahnappur er einnig á forsiðu á vef skólans. Allir þættir hafa verið kynntir fyrir starfsfólki á skólafundi og fyrir nemendum (t.d. í lífsleikniáfangi) það sem þá varðar. Kynning og reglubundin fræðsla og eftirfylgd er með aðkomu jafnréttisfulltrúa og jafnréttisráðs auk náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda.

*4 – Ekki náðist að uppfæra vinnuumhverfisvísi skólans á árinu. Í desember var endurnýjað umboð öryggstrúnaðarmanna og öryggisvarða. Endurskoðun á vinnuumhverfisvísi skólans, þar með talið í félagslega starfsumhverfinu, hefur verið sett á dagskrá á fyrri hluta árs 2022. Þess má geta að nokkrir þættir félagslegs og andlegs aðbúnaðar eru mældir í könnuninni Stofnun ársins. Niðurstöður þeirrar mælingar á árinu 2021 liggja fyrir þegar þessi samantekt er gerð: Stjórnun 4,31; starfsandi 4,48; vinnuskilyrði 4,01; sveigjanleiki vinnu 4,30; sjálfstæði í starfi 4,61; ánægja og stolt 4,38; jafnrétti 4,26; ímynd stofnunar 4,09 og launakjör 3,19. Þessar einkunnir hafa hækkað umtalsvert sl. tvö ár og unnið verður að því að gera enn betur í framtíðinni.

B) Markmið og aðgerðir – Nemendur

Markmið og aðgerðir jafnréttisáætlunar gagnvart nemendum varða:

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)
2. Menntun og skólastarf (23. gr. laganna)

Hér er gerð grein fyrir árangri af aðgerðum á árinu 2021 en nánari lýsingu á þeim, ábyrgðaraðila og markmiðunum sjálfum er að finna í Jafnréttisáætlun FVA sem er aðgengileg á vefnum. Stöðu gagnvart markmiðum og aðgerðum er lýst með „umferðarljósunum“ þar sem grænn litur táknar að markmiði hafi verið náð, gulur litur að þokast hafi í rétta átt eða að verið sé að vinna í málum en rauður litur táknar að enginn árangur hafi náðst.

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni (22. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2020	Staða í árslok 2021
Að nemendur fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti reglulega á námstímanum til að koma í veg fyrir áreitni og ofbeldi (jafnréttisfulltrúi og skólameistari) * ¹	Í sept. ár hvert og eftirfylgni allt skólaárið		
Forvarnar- og viðbragðsáætlunin er kynnt fyrir nemendum (jafnréttisfulltrúi og skólameistari) * ²	Í upphafi annar		
Áætlunin er aðgengileg á vef skólans (gæðastjóri)	Í upphafi annar		
Nemendum kynnt hvert þeir geta leitað eða tilkynnt (ábendingarhnappur) ef þeir verða fyrir eða verða vitni að slíkri hegðun, hvort sem nemandi, kennari eða yfirmaður á í hlut (skólameistari) * ³	Í upphafi annar		
Að tryggja eftirfylgni við kynningu með könnunum (s.s. Skólapúlsinn og nemendakannanir) (aðstoðarskólameistari) * ⁴ - * ⁵	Árlega		

*¹ - *² - Kynning á forvarnar- og viðbragðsáætlun fellur m.a. undir umsjón og lífsleikniáfangu hjá nemendum á 1. ári og minnt á í Skruddu. Til viðbótar eru sérstakir áfangar síðar á námsferlinum, s.s. kynjafræði, kynheilbrigði, lýðheilsa og uppeldisfræði, þar sem nemendur fá fræðslu um þessi mál. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð komu með virkum hætti að þessari kynningu á haustönn 2021.

*³ - Á nýnemadegi og í lífsleikniáföngum eru skólahjúkrunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafar kynntir fyrir nemendum sem aðilar til að leita til. Nemendur eru upplýstir um leiðir til að tilkynna; þetta er einnig kynnt í Skruddu, fréttabréfinu.

*⁴ - *⁵ - Í þjónustukönnun er eftirfylgnin óbeint könnuð en fyrirhugað er að spyrja nákvæmar í könnun á haustönn 2022 til þess að fá skýrari mynd af stöðunni og gera úrbætur reynist þeirra þörf. Tímasetning kannana af hálfu ytri aðila getur verið breytileg frá ári til árs.

2. Menntun og skólastarf (23. gr. laganna)

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2020	Staða í árslok 2021
Allir nemendur geti valið áfanga í kynjafræði einhvern tímann á námstímanum og fái þannig fræðslu um jafnréttismál (skólameistari)	Í boði á hverri önn		
Í kennsluáætlun skulu kennarar tilgreina markmið sem undirbýr alla nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi (kennarar) * ¹	Í upphafi annar		



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Kennslugögnum sem sannanlega reynast mismuna eftir kyni er skipt út fyrir annað betra kennsluefni í viðkomandi áfanga (tillaga fyrir endurskoðun: ...þar sem hægt er...) (deildarstjórar og kennarar) * ²	Í lok annar og fyrir hverja önn		
Náms- og starfsráðgjafar eru með náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf í tengslum við sama nám og störf, óháð kyni, fyrir útskriftarnema í sérstökum lokaáfangam * ³	Á hverri önn		
Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans með það að leiðarljósi að námstilboð höfði til allra nemenda (skólastjórnendur og jafnréttisfulltrúi) * ⁴	Stöðumat árlega; niðurstöður birtar í ársskýrslu í maí		

*¹ - *² Bæta þarf nálgun og orðalag um þessar aðgerðir við endurskoðun Jafnréttisáætlunar á haustönn 2022 (núverandi áætlun gildir til febrúar 2023). Kennsluefni sem styður hugmyndir um jafnrétti hefur verið af skornum skammti en stendur til bóta þar sem hjá Menntamálastofnun mun vera hafið [verkefni til að yfirfara og bæta það námsefni sem er til](#). Samkvæmt áætlun ráðuneytisins á nýtt námsefni að vera tilbúið fyrir árslok 2022. Kennarar í kynjafræði hjá FVA velja viðeigandi efni hverju sinni til kennslu. Athugun meðal deildarstjóra kennslugreina staðfestir að kennarar hafa í huga að kennslugögn sem þeir nota mismuni ekki eftir kyni.

*³. Bætt var inn í þennan lið v. 2021 orðinu nám/s í „...náms- og starfsfræðslu...“ í línu eitt og línu tvö í „...sama nám og störf...“

*⁴ – Í upphafi árs 2021 tók til starfa kona í tréiðndeild. Samhliða voru skipulagðir reglubundnir fundir með stúlkum í námi í tré- og rafiðngreinum. Fundir voru tveir og nemendur fóru í heimsókn í fyrirtæki sem starfa á fagsviði með kennara sínum.

Í skýrslu vegna ársins 2020 var gert grein fyrir fjölda nemenda í stjórn nemendafélags skólans (NFFA) en ekki í stjórnun annarra verkefna. Þá kom í ljós villa í talningu sem var leiðrétt síðar, sbr. tölvupóst til Jafnréttisstofu þann 18.5.2021.

Héðan í frá er tekið saman yfirlit yfir fjölda nemenda eftir kyni sem er í forsvari fyrir hinum ýmsu verkefnum, klúbbum og nefndum á vegum nemendafélagsins eða skólans. Á árinu 2021 tóku 32 nemendur virkan þátt í stjórnun 17 verkefna, klúbba eða nefnda á vegum nemendafélags skólans (NFFA) og/eða skólans, sjá töflu:

Forsvar nemenda í verkefnum, klúbbum og nefndum	kk	kvk
Stjórn NFFA	2	4
Melló, leiklistarklúbbur		1
GEY (Góðgerðarfélag Eynir)		1
Íþróttaklúbbur	1	
Tónlistarklúbbur	1	
Femínistafélagið Bríet		1
Kvikmyndaklúbbur	1	
Hinseginfélagið		1
Hátíðarnefnd		1
Viskuklúbburinn	1	
Skutlan	1	
Pmax-klúbburinn	1	
Umhverfisnefnd		2
Heilsuefling	1	2
Skólaráð	1	1
Heimavistarráð	2	2
Umhverfismál		4
Samtals	12	20

Í jafnréttisvísi (2. kafli í C lið þessarar skýrslu) eru samandregnar upplýsingar um fjölda og kynjahlutfall nemenda í framangreindum nefndum, klúbbum og verkefnum.



C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísar

1. Ýmis viðbótarmarkmið og aðgerðir – staða í árslok 2021

Markmið	Aðgerð		Staða í árslok 2020	Staða í árslok 2021
Að efla vitund starfsfólks um stöðu jafnréttismála hjá FVA og stuðla að jafnrétti á öllum sviðum.	Fræðsluáætlun: Skipuleggja árlega fræðslu um jafnréttismál og kynjafræði fyrir starfsfólk FVA (aðstoðarskólameistari og jafnréttisráð)	Í lok vorannar ár hvert (í fyrsta sinn 2021) – er á dagskrá haustannar		Vor 2022
	Gera árlega úttekt á stöðu jafnréttismála hjá FVA (jafnréttisvísar) og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki (jafnréttisfulltrúi)	Í árslok ár hvert - kynnt í framhaldi á vorönn	Í vinnslu	
	Skrifa kafla í ársskýrslu FVA um stöðu jafnréttismála (samþ. skólameistara og jafnréttisfulltrúa á niðurstöðum jafnréttisskýrslu fyrirliiggjandi)	Mái ár hvert	Í vinnslu	
	Huga að kynjasamþættingu við stefnumótun og áætlanagerð (skólameistari) (þarfir allra kynja uppfylltar; sjónarmið allra kynja fyrirliiggjandi)	Í stefnumótunarvinnu	Í vinnslu	Skerpt frekar á þessu 2022
	Kennarar noti sjálfsmatsmælikvarða til að meta stöðu jafnréttismála í eigin kennslu (jafnréttisráð – mótun gátlista og eftirfylgd)	Lokið í maí 2021 og síðan árlega	Í vinnslu	Lokið haustið 2022
	Viðhorfskönnun meðal starfsfólks m.t.t. verkefna áætlunarinnar (jafnréttisfulltrúi)	Des. annað hvert ár	Á ekki við	Verður framkvæmt í samhliða endurskoðun 2022
	Vinna tillögu að því að uppfæra jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana (jafnréttisfulltrúi, jafnréttisráð, gæðastjóri, skólameistari)	Lokið a.m.k. mánuði áður en gildistími eldri áætlunar rennur út (feb.2023)	Á ekki við	Á dagskrá haustið 2022

2. Jafnréttisvísar – staða í árslok 2021

Skammstöfun kynja í jafnréttisvísi: kk fyrir karlkyn, kvk fyrir kvenkyn og ke/a fyrir kynsegin/annað. Frá og með 2021 eru birtar tölur vegna þátttöku nemenda í öllum verkefnum en ekki aðeins í nemendafélaginu NFFA og skólaráði eins og árin á undan.

	1.8.2019		31.12.2020		31.12.2021		31.12.2022	
Stjórnendateymi	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%		
	kvk (5)	100%	kvk (5)	100%	kvk (5)	100%		
					ke/a (0)	0%		
Deildarstjórar	kk (5)	56%	kk (5)	56%	kk (5)	56%		
	kvk (4)	44%	kvk (4)	44%	kvk (4)	44%		
					ke/a (0)	0%		



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Skólaráð (kenn.)	kk (2)	100%	kk (1)	50%	kk (1)	50%
	kvk (0)	0%	kvk (1)	50%	kvk (1)	50%
					ke/a (0)	0%
Skólaráð (nem.)	kk (1)	50%	kk (2)	100%	kk (1)	50%
	kvk (1)	50%	kvk (0)	0%	kvk (1)	50%
					ke/a (0)	0%
Skólanefnd (kenn.)	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%
	kvk (2)	100%	kvk (1)	100%	kvk (1)	100%
					ke/a (0)	0%
Nemendafélag (NFFA)	kk (4)	67%	kk (4)	67%	kk (2)	33%
	kvk (2)	33%	kvk (2)	33%	kvk (4)	67%
					ke/a (0)	0%
Jafnréttisfulltrúi	kk (1)	100%	kk (1)	100%	kk (1)	100%
	kvk (0)	0%	kvk (0)	0%	kvk (0)	0%
					ke/a (0)	0%
Jafnréttisráð	kk (2)	40%	kk (1)	25%	kk (1)	33%
	kvk (3)	60%	kvk (3)	75%	kvk (2)	67%
					ke/a (0)	0%
Dagskólanem.	kk (229)	57%	kk (252)	58%	kk (251)	62%
	kvk (174)	43%	kvk (179)	42%	kvk (153)	38%
					ke/a (0)	0%
Dreifnámsnem.	kk (42)	55%	kk (70)	65%	kk (86)	60%
	kvk (35)	45%	kvk (37)	35%	kvk (57)	40%
					ke/a (0)	0%
Starfsfólk, kennarar	kk (23)	48%	kk (24)	49%	kk (24)	48%
	kvk (25)	52%	kvk (23)	51%	kvk (26)	52%
					ke/a (0)	0%
Starfsfólk, aðrir	kk (2)	9%	kk (3)	14%	kk (3)	17%
	kvk (21)	91%	kvk (18)	86%	kvk (15)	83%
					ke/a (0)	0%
Koss (starfsm.fél.)	kk (1)	20%	kk (1)	20%	kk (1)	20%
	kvk (4)	80%	kvk (4)	80%	kvk (4)	80%
					ke/a (0)	0%
					kk (11)	31%



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Starfsfólk, nefndir, ráð og verkefni (16)* ¹		kvk (25)	69%
		ke/a (0)	0%
<hr/>			
Nemendur, nefndir, ráð og verkefni (15)* ²		kk (9)	37,5%
		kvk (15)	62,5%
		ke/a (0)	0%
<hr/>			
	kk ()	kk ()	
Foreldrafélag* ³	kvk ()	kvk ()	
		ke/a ()	

*¹ Til viðbótar við það sem er tilgreint ofar í jafnréttisvísi

*² Til viðbótar við það sem er tilgreint ofar í jafnréttisvísi

*³ Foreldrafélag hefur ekki verið starfandi frá 2019